

Dags. 07. 07. 2008

Stjórnvaldssekt vegna brots á 126. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti vegna tilkynningarskyldu fruminnherja.

Þann 14. mars 2008 tók Fjármálaeftirlitið þá ákvörðun að sekta 365 hf. vegna brots á 126. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.)

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að 365 hf. hefðu brotið gegn 126. gr. vvl. þegar þeir tilkynntu ekki samdægurs um kaup á eigin hlutum. Um er að ræða víðskipti sem áttu sér stað þann 6. desember 2007, en voru ekki tilkynnt fyrr en 7. desember 2007. Samkvæmt 126. gr. vvl. ber útgefanda að tilkynna samdægurs um víðskipti til Fjármálaeftirlitsins (tilkynningarskylda *eftir* víðskipti).

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leyti og 141. gr. laga nr. 108/2007 var það mat Fjármálaeftirlitsins að hæfileg sekt væri 1.000.000 kr.